

1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 23 25. janúar 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1985.*

F. h. r.  
**Páll Flygering**

*Guðrún Skúladóttir.*

## **GJALDSKRÁ**

### **Hitaveitu Húsavíkur**

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveituu og hitalagnir í Húsavík.

##### 2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar í húsinu, enda ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

	kr.
a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . .	166,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulíttra a hámarksstillingu hemils . . . . .	264,00
c. Vatnsgjald pr. m <sup>3</sup> . . . . .	16,60

Á gjöld þessi leggst söluskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

## 5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslislutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnalagnar:

A .....	1.00/1.0
B .....	0.95/1.3
C .....	0.90/1.7
D .....	0.85/2.8

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

## 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík.

Gjaldldagi er við útgáfu reiknings. Hafi reikningur eigi verið greiddur innan mánaðar frá útgáfudegi skal greiða hæstu lögleyfðu vanskilavexti af því sem ógreitt er, talið frá og með gjaldldaga.

## III. KAFLI

## 7. gr.

Heimðagjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

	kr.
Hús allt að 300 m <sup>3</sup> að utanmáli .....	25 100,00
Hús 300—2000 m <sup>3</sup> að utanmáli fyrir 300 m <sup>3</sup> .....	25 100,00
og .....	28,10
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærri en 2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli .....	72 900,00
fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og .....	20,90
á hvern rúmmetra þar yfir.	

b) Fyrir önnur hús.

Hús allt að 300 m <sup>3</sup> að utanmáli .....	36 100,00
Hús 300—2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli .....	36 100,00
fyrir 300 m <sup>3</sup> og .....	32,60
á hvern rúmmetra þar yfir.	
Hús stærri en 2 000 m <sup>3</sup> að utanmáli .....	91 700,00
fyrir 2 000 m <sup>3</sup> og .....	28,,10
á hvern rúmmetra þar yfir.	

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er . . . . 3 835,00

c. Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 fermetra húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

## 8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

## IV. KAFLI

## 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, . . . kr. 161,00 í hvert skipti.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 157 22. mars 1984.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. febrúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

Guðrún Skúladóttir.

**GJALDSKRÁ**

**fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja.**

## I. KAFLI

## 1. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

## 2. gr.

Fjarhitun Vestmannaeyja lætur hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Fjarhitun Vestmannaeyja og hitaflatir séu nægjanlega stórir að dómi fjarhitunarinnar.